

Ríkisútvarpið ohf.

Ársreikningur

1.9.2013 - 31.8.2014

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
150 Reykjavík
kt. 600307-0450

Ríkisútvarpið ohf.

Ársreikningur

1.9.2013 - 31.8.2014

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Yfirlit um eigið fé	7
Skýringar	8-24

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Ríkisútvarpinu ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé víðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda.

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim þá ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu víðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins ohf. á reikningsárinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014, efnahag hans 31. ágúst 2014 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.


Ábending

Við viljum vekja athygli á skýringu 21 með ársreikningnum þar sem fram kemur að félagið hafi náð samkomulagi um að fresta afborgun lána til 31. desember 2014, auk þess sem eiginfjárhlutfall félagsins er lægra en kveðið er á um í lánasamningum félagsins. Stjórn félagsins hefur verið að vinna að úrbótum sem snúa að sölu eigna félagsins. Ef aðgerðir stjórnar ganga ekki eftir, ríkir óvíska um framtíðarhorfur Ríkisútvarpsins.

Reykjavík, 28. nóvember 2014.

Endurskoðendapjónustan ehf.


Sævar Þór Sigurgeirsson
endurskoðandi


Guðni Þór Gunnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. er útvarpsþjónusta í almannþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps.

Tap Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu nam kr. 271.257.230 sem er undir áætlun félagsins. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 6.967.945.199, bókfært eigið fé í lok reikningstímabilsins er kr. 381.851.915 og eiginfjárlutfall félagsins er 5,5%.

Í lok reikningstímabilsins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Að álitu stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningstímabilsins, rekstrarárangri reikningstímabilsins og fjárhagslegri þróun á reikningstímabilinu.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. leitast við að viðhalda og fylgja góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verksvið er nánar skilgreint. Þar er m.a. að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu og fleira. Starfsreglur stjórnar og starfsáætlun eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Kjararáð ákveður kjör útvarpsstjóra. Skipuð hefur verið endurskoðunarnefnd í samræmi við kröfur laga um ársreikninga.

Haldnir voru 19 stjórnarfundir á reikningstímabilinu.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir reikningstímabilið með undirritun sinni.


Reykjavík, 28. nóvember 2014



Ingvi Hrafn Óskarsson
Stjórnarformaður



Magnús Stefánsson



Guðrún Nordal



Wlfhildur Rögnvaldsdóttir



Ásthildur Sturludóttir



Valgeir Villhjálmsson
Fulltrúi starfsmanna

Margrét Frimannsdóttir



Björg Eva Erlendsdóttir



Friðrik Rafnsson



Guðlaugur G Sverrisson

Yfirlit um heildarafkomu fyrir reikningstímabilið 1.9.2013 - 31.8.2014

	Skýr.	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2012 - 31.8.2013
Rekstrartekjur	4	5.400.128.885	5.347.230.526
Rekstrargjöld			
Dagskrár- og framleiðslukostnaður	4	(3.928.775.265)	(3.780.306.779)
Dreifi - og sölukostnaður	4	(522.033.544)	(455.946.248)
Sameiginlegur rekstur og stjórnun	4	(645.873.394)	(535.415.043)
Afskriftir	8,9	(316.953.087)	(230.728.993)
		<u>(5.413.635.291)</u>	<u>(5.002.397.063)</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		(13.506.406)	344.833.463
Fjármunatekjur	6	2.559.252	6.892.220
Fjármagnsgjöld	6	(347.247.888)	(340.501.533)
Gengismunur	6	19.123.506	(9.082.107)
Hrein fjármagnsgjöld		<u>(325.565.131)</u>	<u>(342.691.420)</u>
Hagnaður (Tap) fyrir tekjuskatt		(339.071.537)	2.142.043
Tekjuskattur	7,17	67.814.307	(428.409)
Hagnaður (Tap) og heildarafkoma tímabilsins		<u>(271.257.230)</u>	<u>1.713.634</u>

Efnahagsreikningur 31.8.2014

Eignir

	Skýr.	31.8.2014	31.8.2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	4.519.397.240	4.531.697.342
Óefnislegar eignir	9	203.783.848	175.264.424
Samningsbundinn sýningaréttur		647.294.906	0
Reiknuð skattinneign	17	156.846.652	89.032.345
Aðrar eignir	10	328.607.354	159.855.834
		<u>5.855.930.000</u>	<u>4.955.849.945</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	11	40.292.075	44.628.638
Samningsbundinn sýningaréttur	12	756.338.823	947.718.730
Viðskiptakröfur	13	239.667.550	261.772.589
Aðrar skammtímakröfur	13	70.108.449	47.440.050
Handbært fé	13	5.608.303	14.677.709
		<u>1.112.015.199</u>	<u>1.316.237.716</u>
Eignir samtals		<u>6.967.945.199</u>	<u>6.272.087.661</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	14	839.723.000	839.723.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		265.253.903	265.253.903
Ójafnað tap		(723.124.988)	(451.867.760)
Eigið fé samtals		<u>381.851.915</u>	<u>653.109.143</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	15	4.110.834.175	3.388.718.361
Aðrar fjárskuldir	15	425.953.120	0
Skuldbindingar	16	0	16.246.373
		<u>4.536.787.295</u>	<u>3.404.964.734</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	18	784.431.455	789.848.084
Skuldir við lánastofnanir		325.588.703	431.284.801
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	380.899.109	425.034.562
Skuldbindingar	16	16.246.372	48.739.115
Ógreidd laun og launatengd gjöld		419.822.521	432.043.914
Aðrar skammtímaskuldir	18	122.317.829	87.063.308
		<u>2.049.305.988</u>	<u>2.214.013.784</u>
Skuldir samtals		<u>6.586.093.283</u>	<u>5.618.978.518</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.967.945.199</u>	<u>6.272.087.661</u>

Yfirlit um sjóðstreymi

	Skýr.	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2012 - 31.8.2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður tímabilsins		(13.506.406)	344.833.463
Afskrifur	8,9	316.953.087	230.728.993
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		303.446.681	575.562.456
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)	11	4.336.563	(2.334.536)
Sýningaréttir, lækkun, (hækkun)	12	(29.961.879)	(295.967.913)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		(173.500.484)	(121.796.897)
Rekstrartengdar skuldir, lækkun (lækkun)		(44.881.252)	66.053.164
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		59.439.629	221.516.274
Innborgaðir vextir		3.196.572	6.195.909
Greiddir vextir og gengismunur		(236.331.214)	(212.558.734)
Handbært fé frá rekstri		(173.695.013)	15.153.449
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	8,9	(297.621.394)	(396.399.154)
		(297.621.394)	(396.399.154)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(427.037.594)	(382.749.704)
Nýjar langtímaskuldir		994.980.000	497.090.000
Afborgun skulda við lánastofnanir		(105.696.098)	276.442.626
		462.246.308	390.782.922
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(9.070.099)	9.537.217
Handbært fé í upphafi tímabilsins		14.677.709	5.139.800
Gengismunur af handbæru fé		693	692
Handbært fé í lok tímabilsins		5.608.303	14.677.709

Yfirlit um eigið fé

	<u>Hlutfé</u>	<u>Yfirverðs- reikningur hlutafjár</u>	<u>Ójafnað tap</u>	<u>Eigið fé Samtals</u>
Staða 1.9.2012.....	839.723.000	265.253.903	(453.581.395)	651.395.508
Heildarafkoma tímabilsins.....	0	0	1.713.634	1.713.634
Staða 31.8.2013.....	<u>839.723.000</u>	<u>265.253.903</u>	<u>(451.867.761)</u>	<u>653.109.143</u>
Staða 1.9.2013.....	839.723.000	265.253.903	(451.867.761)	653.109.143
Heildarafkoma tímabilsins.....	0	0	(271.257.230)	(271.257.230)
Staða 31.8.2014.....	<u>839.723.000</u>	<u>265.253.903</u>	<u>(723.124.991)</u>	<u>381.851.915</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Ríkisútvarpið er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Nánar er kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi milli Ríkisútvarpsins og Mennta- og menningarmálaráðherra.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok reikningsársins 31.8.2014, breytingar á þeim og nýjar túlkningar. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja og/eda endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Áhrif þeirra á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

3. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1.9.2013 - 31.8.2014 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsár Ríkisútvarpsins ohf. er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Skýringu 8, varanlegir rekstarfjármunir. Mat stjórnenda á hrakvirði og líftíma eigna.

Skýringu 17, reiknuð skattainneign. Mat stjórnenda á framtíðarmýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi.

Skýringu 21, önnur mál. Mat stjórnenda á reikningshaldslegri meðferð þjónustu- og rekstrarleigusamnings.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og vöruskilum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og vaxtakostnaði af öðrum fjárskuldum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður skattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtu lágmarks leigugreiðslu, hvort sem lægra reynist.

Leigugreiðslum er skipt á milli fjármagnskostnaðar og afborgana þannig að hlutfall fjármagnskostnaðar verði óbreytt út samningstímanna. Fjármagnskostnaður er gjaldfærður nema þegar hann tilheyrir eignfærsluhæfri eign en þá er hann eignfærður í samræmi við reglur félagsins um meðferð lántökukostnaðar. Ófyrirséðar leigugreiðslur eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Ófyrirséðar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á videigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetinn. Hrakvirði á fasteign félagsins er metin á hrakvirði.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir (sýningaréttir/hugbúnaður) eru skráðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Nýtingartími eignanna byggir á samningsbundnum réttindum. Sýningaréttir eru gjaldfærðir við sýningu. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningsskilatímabils. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað og beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna, annarra en birgða og tekjuskattsinneignar, til þess meta hvort vísbending um virðisrýrnun þeirra sé til staðar. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

Gangvirði

Gangvirði er það verð sem fæst fyrir eign eða skuld í skipulögðum viðskiptum á milli aðila á matsdegi, hvort sem verðið er sýnilegt eða metið með öðrum matsaðferðum. Þegar gangvirði eignar eða skuldar er metið er tillit tekið til sömu einkenna eignarinnar eða skuldarinnar og aðilar á markaði myndu gera ef þeir væru að verðmeta eignir eða skuldir á matsdegi. Gangvirði fyrir mat og/eða skýtingar í reikningsskilunum er ákvarðað á þeim grundvelli, nema fyrir eignarhlutatengdar greiðslur sem falla undir IFRS 2, leigufærslur sem falla undir LAS 17 og mat sem svipar til gangvirðis en telst samt ekki gangvirði, t.d. endurheimtanlegt virði í LAS 2 eða nýtingarvirði í LAS 36.

Að auki, af reikningshaldslegum ástæðum, er gangvirðismat flokkað í 1. 2. og 3. stig sem byggir á sýnileika og mikilvægi breytanna í heildarmatinu. Stigin þrjú eru útskýrð með eftirfarandi hætti:

- Stig 1: söluverð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir sem eru aðgengilegar félaginu á matsdegi.
- Stig 2: breytur aðrar en markaðsverð sem hægt er að sannreyna beint eða óbeint.
- Stig 3: breytur sem eru ekki markaðstengdar.

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádrögnum áætluðum sölukostnaði.

Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtimaskuldir. Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Allur beinn viðskiptakostnaður er færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum og ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádröginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé, viðskiptakröfur og öðrum kröfum. Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg visbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í verði ef hlutlægar visbendingar eru um að einn eða fleiri atburður sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirku væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Einstaka mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metin sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta. Aðrar fjárskuldir samanstanda af langtímalánum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins skuldbindandi atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Skuldbindingar eru metnar við núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er krafa færð til eignar til móts við skuldbindinguna.

Starfsþáttaryfirlit

Rekstur félagsins er á grundvelli laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Meginstarfsemi félagsins er útvarpsþjónusta í almannapágu. Í hverjum mánuði er rekstraryfirlit liðins mánaðar lagt fyrir stjórn félagsins. Á grundvelli þess yfirlits er frammistaða metin og ákvarðanir teknar um ráðstöfun fjármuna. Rekstri félagsins er ekki skipt niður á starfsþætti þ.e.a.s. reksturinn er allur innan eins starfsþáttar. Í mánaðarlega rekstraryfirlitinu er kostnaður brotinn niður á ítarlegri hátt en fram kemur í rekstrarreikningi.

Skýringar

4. Sundurliðun rekstarliða

	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2012 - 31.8.2013
Rekstartekjur greinast þannig:		
Þjónustutekjur	3.317.944.137	3.163.333.336
Auglýsingar og kostun	1.843.918.521	1.985.867.672
Aðrar rekstrartekjur	238.266.227	198.029.518
	<u>5.400.128.885</u>	<u>5.347.230.526</u>
Dagskrár- og framleiðslukostnaður		
Réttindagreiðslur vegna dagskrár	981.298.563	824.719.656
Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostnaður	2.110.883.749	2.140.987.828
Annar dagskrár- og framleiðslukostnaður	836.592.953	814.599.295
	<u>3.928.775.265</u>	<u>3.780.306.779</u>
Dreifí- og sölukostnaður greinist þannig:		
Dreifikerfi	323.656.754	240.593.025
Auglýsingadeild	198.376.791	215.353.223
	<u>522.033.544</u>	<u>455.946.248</u>
Sameiginlegur rekstur og stjórnun greinist þannig:		
Yfirstjórn (stjórn, skrifstofa útvarpsstjóra og fjármáladeild)	335.736.550	237.825.313
Húsnæðis- og annar rekstrarkostnaður	310.136.844	297.589.730
	<u>645.873.394</u>	<u>535.415.043</u>

5. Launamál

	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2012 - 31.8.2013
Laun og tengd gjöld greinast þannig:		
Heildarlaun	1.853.465.087	1.798.522.771
Lífeyrissjóður	198.561.561	201.629.721
Önnur launatengd gjöld	226.247.765	200.787.931
	<u>2.278.274.413</u>	<u>2.200.940.423</u>
Heildarstöðugildi	270	297
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig eftir kostnaðarliðum:		
	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2012 - 31.8.2013
Dagskrár- og framleiðslukostnaður	1.758.342.198	1.768.927.893
Dreifí- og sölukostnaður	185.383.081	157.805.627
Sameiginlegur rekstur og stjórnun	334.549.134	274.206.903
	<u>2.278.274.413</u>	<u>2.200.940.423</u>

Gjaldfærð heildarlaun og þóknarir til æstu stjórnenda félagsins, annarra en útvarpsstjóra námu 148,8 milljónum á reikningsárinu (2012/2013: 109,6 milljónir), þar af 117,3 milljónir til stjórnenda í fyrri framkvæmdastjórn sem lét af störfum á árinu vegna skipulagsbreytinga. Heildarlaun og þóknarir útvarpsstjóra námu 36,3 milljón króna (2012/2013: 14,5 milljónir), þar af 27,5 milljónir til fráfarandi útvarpsstjóra. Stjórnarlaun námu 10,8 milljón króna (2012/2013: 7,1 milljón króna), en stjórnarmönnum fjölgaði um fjóra í ágúst 2013. Þrír útvarpsstjórar störfuðu á rekstrarárinu, Páll Magnússon til 18. desember 2013, Bjarni Guðmundsson var starfandi útvarpsstjóri 19. desember 2013 til 9. mars 2014 og Magnús Geir Þórðarson tók við starfi útvarpsstjóra frá 10. mars 2014. Nýtt skipurit tók gildi í maí 2014 og á sama tíma tók ný framkvæmdastjórn til starfa þar sem fækkað var um einn í framkvæmdastjórn.

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2012 - 31.8.2013
Vaxtatekjur	2.559.252	6.892.220
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(318.730.771)	(311.156.977)
Önnur vaxtagjöld	(28.517.117)	(29.344.556)
	(347.247.888)	(340.501.533)
Gengismunur	19.123.506	(9.082.107)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(325.565.131)	(342.691.420)

7. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna reikningsársins 1.9.2013 - 31.8.2014 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður. Reiknuð skattinneign er færð í efnahagsreikning félagsins þar sem líkur eru taldar á því að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Varfiarmissjónarmið réðu því að aðeins er hluti af skattinneign félagsins færð í efnahagsreikning félagsins. Tekjuskattur félagsins er 20%.

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:	1.9.2013- 31.8.2014		1.9.2012- 31.8.2013	
(Tap) Hagnaður fyrir skatta	-339.071.537		2.142.043	
Skatthlutfall, 20%	67.814.307	20%	-428.409	20%
Ófrádráttarbær kostnaður	-3.760	0%	-3.760	0%
Aðrir liðir	3.760	0%	3.760	0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	67.814.307	20,0%	-428.409	20,0%

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.9.2012	3.170.421.292	491.426.557	1.271.107.354	65.700.000	4.998.655.203
Eignfært á tímabilinu	0	145.111.251	303.910.261	0	449.021.512
Endurflokkað*	0	(38.350.432)	(13.810.922)	0	(52.161.354)
Niðurlagt á tímabilinu	0	(4.909.041)	(37.335.049)	0	(42.244.091)
Staða 31.8.2013	3.170.421.292	593.278.335	1.523.871.644	65.700.000	5.353.271.270
Eignfært á tímabilinu	0	22.673.444	251.797.658	0	274.471.102
Endurflokkað*	0	372.217	(6.338.556)	0	(5.966.339)
Niðurlagt á tímabilinu	0	(3.180.000)	(170.501.340)	0	(173.681.340)
Staða 31.8.2014	3.170.421.292	613.143.996	1.598.829.405	65.700.000	5.448.094.693
Afskriftir					
Staða 1.9.2012	0	183.590.344	474.994.364	283.965	658.868.673
Afskrift tímabilsins	0	61.731.621	145.107.004	52.400	206.891.025
Endurflokkað*	0		(1.941.679)	0	(1.941.679)
Niðurlagt á tímabilinu	0	(4.909.041)	(37.335.049)	0	(42.244.091)
Staða 31.8.2013	0	240.412.924	580.824.639	336.365	821.573.928
Afskrift tímabilsins	0	100.864.267	179.918.124	52.435	280.834.826
Endurflokkað*	0	3.955.655	(3.985.615)	0	(29.960)
Niðurlagt á tímabilinu	0	(3.180.000)	(170.501.340)	0	(173.681.340)
Staða 31.8.2014	0	342.052.846	586.255.808	388.800	928.697.454
Bókfært verð					
Staða 31.8.2013	3.170.421.292	352.865.411	943.047.005	65.363.635	4.531.697.342
Staða 31.8.2014	3.170.421.292	271.091.150	1.012.573.598	65.311.200	4.519.397.240
Afskriftarhlutföll	0%	6-30%	7-20%	0-1%	

*Endurflokkun á eignum á fyrra reikningsskil tímabili úr flokknum Áhöld, tæki og innréttingar snýr að endurflokkun á hugbúnaði sem færður var yfir í óefnislegar eignir í samræmi við kröfur IFRS (sjá skýringu 9). Endurflokkun á eignum úr flokknum Dreifikerfi snýr að eignfærðum kostnaði í tengslum við gerð samnings um endurnýjun dreifikerfis, endurflokkað var yfir á aðrar eignir (sjá skýringu 10).

Vegna lánasamninga við Landsbanka Íslands er þinglýst kvöð á fasteign félagsins að Efstaleiti 1 um að hún verði ekki veðsett.

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru ekki veðsettir.

	Fasteignamat 31.8.2014	Brunabótamat 31.8.2014	Bókfært verð
Efstaleiti 1	3.660.450.000	3.957.500.000	3.170.421.292
Dreifikerfi	363.030.000	467.447.000	271.091.150
Aðrar eignir	0	0	1.077.884.798
	4.023.480.000	4.424.947.000	4.519.397.240

Skýringar

9. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður
Kostnaðarverð	
Staða 1.9.2012	169.955.248
Eignfært á tímabilinu	53.377.712
Endurflokkað	13.810.922
Staða 31.8.2013	237.143.882
Eignfært á tímabilinu	58.701.305
Aflagt á tímabilinu	(23.144.199)
Endurflokkað	5.966.339
Staða 31.8.2014	278.667.327
 Afskriftir	
Staða 1.9.2012	36.099.811
Afskrift tímabilsins	23.837.968
Endurflokkað	1.941.679
Staða 31.8.2013	61.879.458
Afskrift tímabilsins	36.118.261
Aflagt á tímabilinu	(23.144.199)
Endurflokkað	29.960
Staða 31.8.2014	74.883.480
 Bókfært verð	
Staða 31.8.2013	175.264.424
Staða 31.8.2014	203.783.848
 Afskriftarhlutföll	12,5-20%

10. Aðrar eignir

Aðrar eignir í lok reikningskilatímabilsins samanstanda af mismun á gjaldfærslu og greiðslum í tengslum við samning um stafræna dreifingu. Sjá frekari umfjöllun um meðferð og efni samningsins í skýringu 22.

11. Birgðir

	31.8.2014	31.8.2013
Safnadeild	35.596.707	35.596.707
Söluvörur	0	3.316.521
Rekstrarvörur	4.695.368	5.715.410
	40.292.075	44.628.638

Birgðir söluvara voru seldar Myndformi ehf. á rekstrarátinu og er RÚV því ekki lengur með birgðir söluvara.

Skýringar

12. Samningsbundinn sýningarréttur á innlendu og erlendu dagskrárefni

	Samningsbundinn sýningarréttur
Staða 1.9.2012	651.750.817
Keypt efni á tímabilinu	992.165.371
Sýnt efni á tímabilinu	(695.625.576)
Aðrar breytingar	(571.882)
Staða 31.8.2013	947.718.730
Keypt efni á tímabilinu	1.220.124.682
Sýnt efni á tímabilinu	(760.035.727)
Aðrar breytingar	(4.173.956)
Staða 31.8.2014	1.403.633.729

Niðurfærsla samningsbundninna sýningarrétta nemur 43,6 milljónum króna (31.8.2013: 39,4 milljónum króna).

Flokkað meðal fastafjármuna	647.294.906
Flokkað meðal veltufjármuna	756.338.823
	1.403.633.729

13. Peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.8.2014	31.8.2013
Innlendar viðskiptakröfur	24.786.875	31.460.282
Erlendar viðskiptakröfur	3.471.329	5.700.829
Útistandandi afnotagjöld	1.012.984	1.012.984
Útistandandi auglýsingakröfur	210.396.362	223.598.494
	239.667.550	261.772.589

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði, mat á virðisrymun nemur 64,9 milljón króna (31.8.2013: 79,1 milljón).

Óbein niðurfærsla er færð á allar gjaldfallnar viðskiptakröfur út frá mati stjórnenda í innheimtuleika þeirra.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi:

	31.8.2014	31.8.2013
Staða afskriftareiknings í upphafi tímabils	79.130.005	143.733.650
Endanleg afskrift tímabilsins	(11.574.155)	(78.566.251)
Breyting afskriftareiknings á tímabilinu	(2.625.845)	13.962.606
	64.930.005	79.130.005

Aðrar skammtímakröfur

	31.8.2014	31.8.2013
Virðisaukaskattur	10.358.670	13.091.173
Fyrirframgreiddur kostnaður	22.546.973	13.061.103
Fjármagnstekjuskattur	2.550.539	3.967.167
Aðrar kröfur	34.652.267	17.320.607
	70.108.449	47.440.050

Skýringar

13. Peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

	31.8.2014	31.8.2013
Bankainnstæður og sjóður í íslenskum krónum	4.662.642	14.674.400
Bankainnstæður í erlendri mynt	945.661	3.309
	<u>5.608.303</u>	<u>14.677.709</u>

14. Hlutfé

Hlutfé greinist þannig:

	31.8.2014	31.8.2013
Hlutfé	839.723.000	839.723.000

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

15. Langtímaskuldir

	31.8.2014	31.8.2013
Skuldir í CHF	4.431.070	13.421.072
Skuldir í DKK	100.211.154	112.414.029
Skuldir í EUR	0	40.906.717
Skuldir í USD	13.190.321	40.594.600
Skuldir í ISK	4.373.900.739	3.606.416.505
	<u>4.491.733.284</u>	<u>3.813.752.923</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(380.899.109)	(425.034.562)
Langtímaskuldir alls	<u>4.110.834.175</u>	<u>3.388.718.361</u>

Stofnað var til langtímaskulda að upphæð kr. 2.902.188.294 (31.8.2013: kr. 3.203.782.480) áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag á árinu 2007. Lán sem stofnað var til áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag eru með ríkisábyrgð.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.8.2014	31.8.2013
Næsta árs afborganir	380.899.109	425.034.562
Afborganir 1.9.2015 - 31.8.2016 / 1.9.2014 - 31.8.2015	323.171.534	342.890.874
Afborganir 1.9.2016 - 31.8.2017 / 1.9.2015 - 31.8.2016	316.833.012	299.241.533
Afborganir 1.9.2017 - 31.8.2018 / 1.9.2016 - 31.8.2017	298.724.056	305.956.797
Afborganir 1.9.2018 - 31.8.2019 / 1.9.2017 - 31.8.2018	295.350.268	298.256.352
Afborganir síðar	2.876.755.305	2.142.372.804
	<u>4.491.733.284</u>	<u>3.813.752.923</u>

Skýringar

15. Langtímaskuldir (framhald)

Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigusamninga

Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigusamninga eru innifaldnar í langtímaskuldum félagsins. Skuldbindingarnar eru allar í DKK. Félagið hefur gert fjármögnunarleigusamninga vegna kaupa á ákveðnum áhöldum og tækjum. Meðalleigutími er 5 ár (2012/2013: 5 ár). Félagið hefur val um að kaupa þessar eignir gegn fyrirfram ákveðinni fjárhæð í lok leigutímans. Skuldbindingar félagsins vegna fjármögnunarleigu eru tryggðar með undirliggjandi eignum.

	Lágmarks leigugreiðslur 31.8.2014	Núvirði lágmarks leigugreiðslna 31.8.2014	Lágmarks leigugreiðslur 31.8.2013	Núvirði lágmarks leigugreiðslna 31.8.2013
Innan eins árs.....	42.832.417	36.190.714	40.504.388	32.536.071
Seinna en eitt ár en innan fimm ára.....	70.133.007	64.020.440	89.382.606	79.877.958
	112.965.424	100.211.154	129.886.994	112.414.029
Framtíðarvaxtagjöld.....	12.754.270	0	17.472.965	0
Núvirði lágmarks leigugreiðslna.....	100.211.154	100.211.154	112.414.029	112.414.029

Aðrar fjárskuldir

	31.8.2014
Langtímaskuldir vegna samningsbundinna sýningarrétta.....	425.953.120

16. Skuldbindingar

Skuldbinding vegna niðurrifs:

	31.8.2014	31.8.2013
Staða í upphafi reikningsárs.....	64.985.488	0
Viðbót á tímabilinu	0	85.293.453
Greiðsla á tímabilinu.....	(48.739.116)	(20.307.965)
	16.246.372	64.985.488
Flokkað meðal skammtímalíða.....	16.246.372	48.739.115
Flokkað meðal langtímalíða.....	0	16.246.373
	16.246.372	64.985.488

Skuldbinding vegna niðurrifs endurspeglar kostnað félagsins vegna niðurrifs á þeim hluta dreifikerfis félagsins sem lagður verður niður í kjölfarið á gerð samnings um stafræna dreifingu. Sjá frekari upplýsingar um samning í skýringu 22. Mat á upphæð skuldbindingar byggir á gerðum samningi, breyting getur orðið á matinu vegna verðlagsbreytinga og/eda breytinga á framgangi samnings.

Skýringar

17. Reiknuð skattainneign

	Reiknuð skattainneign
Staða 1.9.2013	89.460.754
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins	(428.409)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014	0
Staða 31.8.2013	89.032.345
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins	67.814.307
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2015	0
Staða 31.8.2014	156.846.652

Reiknuð skattainneign er færð í efnahagsreikning félagsins þegar líklegt er talið að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Það er mat stjórnenda að undirliggjandi rekstur muni skila skattskildum hagnaði á næstu reikningstímabilum og verulegar líkur séu á að ekki liði langt þar til eignir félagsins verði seldar og það muni leiða til skattskylds söluhagnaðar. Það er því mat stjórnenda að rétt sé að færa upp skattainneign og við mat á fjárhæð hennar er horft til þess skattalega taps sem talið er að muni nýtast.

Tekjuskattsinnæign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.08.2014	31.08.2013
Varanlegir rekstrarfjármunir	(130.750.854)	(139.484.470)
Óefnislegar eignir (sýningarréttir).....	8.716.996	7.882.204
Veltufjäreignir.....	12.986.001	16.026.001
Skuldbindingar.....	3.249.274	12.997.098
Aðrar eignir.....	(65.721.471)	0
Aðrir liðir.....	(3.362.262)	42.169
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	524.705.147	384.552.451
Samtals.....	349.822.831	282.015.453
Niðurfærsla skattainneignar.....	(192.976.180)	(192.983.108)
Tekjuskattsinnæign.....	156.846.652	89.032.345

18. Peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.8.2014	31.8.2013
Innlendar viðskiptaskuldir.....	645.395.263	531.483.175
Erlendar viðskiptaskuldir.....	139.036.192	258.364.909
	784.431.455	789.848.084

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.8.2014	31.8.2013
Skuldir við lánastofnanir.....	342.381.621	392.498.491
Fjármögnunarleigusamningar.....	38.517.488	32.536.071
	380.899.109	425.034.562

Aðrar skammtímaskuldir

	31.8.2014	31.8.2013
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	6.445.998	0
Ógreiddir áfallnir vextir.....	106.635.077	82.974.808
Aðrar skammtímaskuldir.....	9.236.753	4.088.500
	122.317.829	87.063.308

Skýringar

19. Flokkar fjármálagerninga

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir	31.8.2014	31.8.2013
Handbært fé	5.608.303	14.677.709
Lán og kröfur (án fyrirframgreidds kostnaðar)	287.229.026	296.151.536
Fjárskuldir		
Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	6.569.846.911	5.553.993.030

20. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, útlánaáhætta og lausfjáraáhætta.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi eignir félagsins eru með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir félagsins í íslenskum krónum eru bæði verðtryggðar með föstum vöxtum og óverðtryggðar með breytilegum vöxtum. Skuldir félagsins eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði í bókum félagsins. Þar sem hluti skulda félagsins eru verðtryggðar þá hefur þróun neysluvísitölu áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Vaxtaberandi skuldir í erlendum gjaldmiðlum bera breytilega vexti. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi fjármálagerninga hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé.

	31.8.2014		31.8.2013	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(9.170.459)	(18.340.917)	(5.067.647)	(10.115.295)

Gengisáhætta gjaldmiðla

Gengisáhætta gjaldmiðla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhættan myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Meirihluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra miðast við lokagengi tímabilsins.

Mynt	31.8.2014	31.8.2013
CHF	127,97	129,28
GBP	194,46	186,45
EUR	154,36	158,92
SEK	16,83	18,13
DKK	20,71	21,30
NOK	18,94	19,68
USD	117,13	120,53

Skýringar

20. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

Gengisáhætta 31.8.2014

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
CHF	941.689	9.434.854	(8.493.165)
GBP	2.129	29.108.155	(29.106.026)
EUR	892.029	488.359.945	(487.467.916)
SEK	33.594	0	33.594
DKK	508	108.291.599	(108.291.091)
NOK	2.544.320	0	2.544.320
USD	1.380.082	46.862.303	(45.482.221)
	5.794.352	682.056.856	(676.262.504)

Gengisáhætta 31.8.2013

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
CHF	0	29.594.404	(29.594.404)
GBP	5.831.014	1.700.235	4.130.779
EUR	5.048.409	163.394.697	(158.346.288)
SEK	593	143.486	(142.893)
DKK	524	79.356.590	(79.356.066)
NOK	0	2.046.426	(2.046.426)
USD	582.938	158.967.485	(158.384.547)
	11.463.478	435.203.323	(423.739.845)

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart nedangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.8.2014		31.8.2013	
	5%	10%	5%	10%
CHF	(339.727)	(679.453)	(1.183.776)	(2.367.552)
GBP	(1.164.241)	(2.328.482)	165.231	330.462
EUR	(19.498.717)	(38.997.433)	(6.333.852)	(12.667.703)
SEK	1.344	2.688	(5.716)	(11.431)
DKK	(4.331.644)	(8.663.287)	(3.174.243)	(6.348.485)
NOK	101.773	203.546	(81.857)	(163.714)
USD	(1.819.289)	(3.638.578)	(6.335.382)	(12.670.764)
	(27.050.500)	(54.101.000)	(16.949.594)	(33.899.188)

Skýringar

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að það tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Bókfærð staða	
	31.8.2014	31.8.2013
Viðskiptakröfur	239.667.550	261.772.589
Aðrar kröfur	59.749.779	34.378.947
Handbært fé	5.608.303	14.677.709
	305.025.631	310.829.245

Að mati stjórnenda félagsins er hámarksútlánaáhætta félagsins sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Gjalddagagreininginn tekur ekki tillit til framtíðarvaxtagreidslna. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið.

	Innan eins árs	1.9.2015-	1.9.2016-	1.9.2017	Samtals
		31.8.2016	31.8.2017	eða síðar	
Skuldir 31.8.2014					
Óvaxtaberandi	1.326.571.804	20.792.640	31.188.960	373.971.520	1.752.524.924
Með breytilegum vöxtum ...	350.099.045	7.033.561	7.587.799	1.467.820.680	1.832.541.085
Með föstum vöxtum	356.388.767	316.137.973	309.245.213	2.003.008.950	2.984.780.902
	2.033.059.616	343.964.174	348.021.972	3.844.801.150	6.569.846.911
		1.9.2015-	1.9.2016-	1.9.2017	
	Innan eins árs	31.8.2016	31.8.2017	eða síðar	Samtals
Eignir 31.8.2014					
Óvaxtaberandi	287.229.026	0	0	0	287.229.026
Með breytilegum vöxtum	5.608.303	0	0	0	5.608.303
	292.837.329	0	0	0	292.837.329
Nettó staða 31.8.2014	-1.740.222.287	-343.964.174	-348.021.972	-3.844.801.150	-6.277.009.583

Skýringar

20. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

	Innan eins árs	1.9.2014- 31.8.2015	1.9.2015- 31.8.2016	1.9.2016 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.8.2013					
Óvaxtaberandi	1.308.955.306				1.308.955.306
Með breytilegum vöxtum ...	535.645.506	43.005.263	25.000.000	422.556.414	1.026.207.184
Með föstum vöxtum	320.673.857	299.885.611	274.241.533	2.324.029.539	3.218.830.540
	2.165.274.669	342.890.874	299.241.533	2.746.585.953	5.553.993.030
	Innan eins árs	1.9.2014- 31.8.2015	1.9.2015- 31.8.2016	1.9.2016 eða síðar	Samtals
Eignir 31.8.2013					
Óvaxtaberandi	296.151.536	0	0	0	296.151.536
Með breytilegum vöxtum	14.677.709	0	0	0	14.677.709
	310.829.245	0	0	0	310.829.245
Nettó staða 31.8.2013	-1.854.445.424	-342.890.874	-299.241.533	-2.746.585.953	-5.243.163.785

Gangvirði

Fyrir utan þær fjárskuldir sem gerð er grein fyrir í neðangreindri töflu telja stjórnendur að bókfært virði fjáreigna og fjárskulda sem færðar hafa verið í reikningskil félagsins endurspeglar gangvirði þeirra.

	31.8.2014		31.8.2013	
	Bókfært virði	Gangvirði	Bókfært virði	Gangvirði
Fjárskuldir				
Langtímaskuldir	4.491.733.284	4.679.070.100	3.813.752.923	4.273.613.648
	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjárskuldir				
Langtímalán	0	0	4.679.070.100	4.679.070.100

Gangvirði fjárskulda sem meðtaldar eru í stigi 3 hafa verið metnar í samræmi við almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir sem byggja á afvaxtaðri sjóðstreymisgreiningu, þar sem ávöxtunarkraftur endurspeglar útlánaáhættu mótaðilanna.

21. Rekstrarhæfi

Samkomulag hefur náðst milli RÚV og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frestun fjárhæðar á gjalddaga 1. október 2014 til 31.12.2014. Félagið er í viðræðum við lífeyrissjóðinn um áframhaldandi frest. Samkomulagið felur einnig í sér að ekki kemur til innheimtu dráttarvaxta eða gripið til innheimtuaðgerða. Þá hefur Landsbankinn, aðal viðskiptabanki félagsins, gefið út yfirlýsingu þess efnis að hann muni ekki nýta heimild sína til gjaldfellingar lána vegna brota á ákvæðum lánasamninga um eiginfjárlutfall vegna rekstrarársins 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Félagið mun á næstu mánuðum vinna að sölu eigna í því skyni að létta á skuldastöðu félagsins og tryggja fjármagn til að standa undir greiðslum næsta árs afborgana og vaxtagreiðslna. Ekki liggur fyrir hvenær tekst að selja eignir né á hvaða verði og því er ekki fyrirséð hvaða áhrif þetta hefur á rekstur Ríkisútvarpsins í framtíðinni.

Skýringar

22. Önnur mál

Samningur um stafræna dreifingu fyrir Ríkisútvarpið var undirritaður 27. mars 2013. Samkvæmt samningnum tekur Fjarskipti hf, í samningnum nefnt Vodafone, yfir rekstur allra núverandi dreifikerfa Ríkisútvarpsins, bæði fyrir sjónvarp og útvarp. Rekstur á FM- og langbylgjusendingum Ríkisútvarpsins verður viðvarandi á samningstímanum, en gert er ráð fyrir því að gamla hliðræna sjónvarpsdreifikerfi Ríkisútvarpsins verði lokað fyrir árslok 2014. Fyrir þann tíma mun Vodafone tryggja að stafrænar útsendingar á tveimur háskerpurásum fyrir Ríkisútvarpið standi rúmlega 99,8% þjóðarinnar til boða. Samningurinn er til 15 ára og var gerður að undangengnu útboði á evrópska efnahagssvæðinu.

Reikningshaldslega er samningnum skipt upp í þjónustu- og rekstrarleigusamning, þar sem samningsverðinu hefur verið skipt upp á milli afnota af kerfinu og veittrar þjónustu samkvæmt ákvæðum samningsins, út frá metnu gangvirði þessara tveggja þátta.

Gangvirði rekstrarleigusamningshlutans í samningnum var metin kr. 1.034.125.455. Framtíðar lágmarksleigusgreiðslur af rekstrarleigusamningnum eru eftirfarandi:

	Lágmarks greiðslufjárhæð	
	31.8.2014	31.8.2013
Innan eins árs.....	97.400.607	91.326.697
Seinna en eitt ár en innan fimm ára.....	348.204.310	326.490.259
Eftir meira en fimm ár.....	563.846.588	578.498.448
	1.009.451.505	996.315.404

Gjaldfærsla á leigugreiðslum vegna afnota af dreifikerfinu og veittri þjónustu á tímabilinu er gerð í samræmi við ákvæði útbodsins og samningsins. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir lokun á hliðrænu sjónvarpsdreifikerfi Ríkisútvarpsins í áföngum fram til ársloka 2014. Mismunur á samningsgreiðslum vegna leigu- og þjónustugreiðslna og gjaldfærslu hefur verið færður meðal annarra eigna í efnahagsreikningi.

23. Kennitölur

	1.9.2013 - 31.8.2014	1.9.2012 - 31.8.2013
Úr yfirliti um heildarafkomu:		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	303.446.681	575.562.456
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur	5,6%	10,8%
Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur	-0,3%	6,4%
Afkoma tímabilsins / rekstrartekjur	-5,0%	0,0%
Hlutfall þjónustutekna af rekstrartekjum	61,4%	59,2%
Hlutfall auglýsinga og kostunar af rekstrartekjum	34,1%	37,1%
Hlutfall dagskrár - og framleiðslukostnaðar af rekstrartekjum	72,8%	70,7%
Úr efnahagsreikningi:	31.08.2014	31.08.2013
Greiðsluhæfi		
a) Lausafjárlutfall	0,15	0,15
b) Veltufjárlutfall	0,54	0,59
a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir
Fjárhagslegur styrkur		
c) Eiginfjárlutfall	5,5%	10,4%
c) Eigið fé/heildarfjármagn		

24. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 26. nóvember 2014.